

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2015

Málefni: Kæra í máli nr. ÚNU15090018/021-10-1

Samtökum fólks um áfengis – og fíkniefnavandann (hér eftir nefnd „SÁÁ“) hefur borist tilkynning frá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál um kæru frá Rótinni - félagi um málefni kvenna með áfengis – og fíknivanda („hér eftir nefnd „Rótin“). Kæran lýtur að afgreiðslu SÁÁ á beiðni Rótarinnar um aðgang að upplýsingum um tölfraði afbrotamanna á Vogu.

Beiðni Rótarinnar, samkvæmt tölvupósti dags. 20. september 2015, var svo hljóðandi.

„Við óskum eftir kyngreindum upplýsingum um afbrotahæðun sjúklinga á Vogu, lagalegri stöðu, handteknum og ákærðum, frá árinu 2009 – 2014 í samræmi við 3. og 5. gr upplýsingalaga.“

Samkvæmt umræddum tölvupósti virðist beiðnin byggja á töflu sem fram kemur í meistararitgerð Ara Matthíassonar frá árinu 2010 sem nefnist „*Þjóðfélagsleg byrði af áfengis og vímuefnaneyslu*“ Í póstinum kemur enn fremur fram að höfundur ritgerðarinnar hafi unnið upplýsingarnar upp úr ASI – viðtölum sem fram fóru á sjúkrahúsinu Vogu.

Samkvæmt 3. gr., sbr. 2. gr uppl. taka lög einungis til einkaaðila að því leyti sem þeim hefur með lögum eða samningi verið falið að sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna, eða telst að öðru leyti liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Þá er samkvæmt 1 mgr 5 gr laganna skylt að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekið mál og aðgang að tilteknum fyrirbyggjandi gögnum. Ekki er þó skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn til afhendingar í ríkari mæli en leiðir af 3 mgr. ákvæðisins.

SÁÁ bendir á að í frumvarpi að upplýsingalögum er að finna sérstakar athugasemdir til skýringar á 5. gr laganna. Í þeim athugasemdum er tekið fram að réttur til aðgangs að gögnum nái aðeins til þeirra gagna sem til eru og fyrir liggja á þeim tímapunkti þegar beiðni um aðgang er sett fram og í þeirri mynd sem þau eru á þeim tíma. Stjórnvöldum, eða lögaðilum sem falla undir lög er **„ekki skylt að útbúa ný gögn á grundvelli upplýsingalaga.“**


Umrædd tafla yfir afbrotahæðun sjúklinga á sjúkrahúsinu Vogu á árinu 2008 var unnin af ofangreindum einstaklingi, sem liður í meistaranámi hans við Háskóla Íslands. „Kyngreindar“ upplýsingar um þá töflu eru ekki til staðar hjá SÁÁ. Ekki er hægt að skylda SÁÁ til að útbúa slík gögn. Slíkt fæli í sér óhemju mikla rannsóknarvinnu, sem væri jafnvel ómöguleg án aðkomu þess einstaklings sem útbjó töfluna á sínum tíma.

Þá verða viðtöl og sjúkraskrár einstakra sjúklinga á sjúkrahúsinu Vogu ekki afhent þriðja aðila með vísan til þeirra þagnaskylduákvæða sem um slíkar upplýsingar gilda (sjá m.a. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr 34/2012, lög um sjúkraskrár nr 55/2009, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr 77/2000 og lög um réttindi sjúklinga nr 74/1997).

Með vísan til alls ofangreinds er beiðni Rótarinnar því hafnað.

Þar sem umbeðin gögn eru ekki til er ekki hægt að afhenda þau Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fólks um áfengis – og fíkniefnavandann


Ásgerður Th. Björnsdóttir
framkvæmdastjóri fjármálasviðs SÁÁ

Afrit á:

Rótin – félag um málefni kvenna með áfengis – og fíknivanda
Reykjabyggð 34
270 Mosfellsbæ